

- 195** c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
 24. des. Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður verðtoll og vörumagnstoll af kaffi, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár, og sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

Fjármálaráðuneytið, 24. desember 1957.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.

196
 5. des.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs hátaútvegsins.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist tveir nýir liðir, svo hljóðandi:
 XVI. flokkur: Skip 12—30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.
 XVII. flokkur: Skip yfir 30 rúmlestir, sem veiðar stunda með handfærum.

2. gr.

Töluliðir 7, 8, 9, 10, 15, 25, 26, 30 og 34 í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

7. svæði: Hafnarfjörður
 1. janúar—15. maí
 1. september—31. desember
8. svæði: Reykjavík
 1. janúar—15. maí
 1. september—31. desember
9. svæði: Akranes
 1. janúar—15. maí
 1. september—31. desember
10. svæði: a. Hellissandur
 1. janúar—15. maí
 b. Rif
 1. janúar—15. maí
 1. október—31. desember
 c. Ólafsvík
 1. janúar—15. maí
 1. október—31. desember
15. svæði: Arnarfjörður
 1. janúar—15. maí
 1. október—15. desember
25. svæði: Ólafsfjörður
 1. marz—30. nóvember
26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd, Grenivík
 1. apríl—15. desember
30. svæði: Vopnafjörður
 1. júní—31. október
34. svæði: Fáskrúðsfjörður
 1. febrúar—31. maí
 1. júní—30. nóvember

3. gr.

196

5. des.

Töluliðir 8 og 10 í c-lið 3. gr. orðist svo:

8. svæði: Reykjavík:
15. febrúar—11. maí
1. september—31. desember
10. svæði: Hornafjörður
1. marz—11. maí

4. gr.

Tölu liðir 22, 27, 30, 34 og 43 í d-lið 3. gr. orðist svo:

22. svæði: Steingrímsfjörður
15. júlí—31. október
27. svæði: Ólafsfjörður
1. apríl—30. nóvember
30. svæði: a. Húsavík
1. apríl—15. nóvember
b. Flatey
1. apríl—15. nóvember
34. svæði: Vopnafjörður
15. maí—31. október
43. svæði: Þorlákshöfn
1. marz—11. maí

5. gr.

Staflaður g. í 3. gr. færast aftur og verði stafliður h., en nýr stafliður g. orðist svo:
g. Fyrir skip í XVI. og XVIII. flokki.

1. svæði: Dyrhólaey—Látrabjarg
1. marz—31. maí

6. gr.

Með reglugerð þessari falla úr gildi reglugerð nr. 75 30. apríl 1957 og reglugerð nr. 179 frá 9. nóvember 1957, báðar um breyting á reglugerð nr. 181 3. október 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 5. desember 1957.***Lúðvík Jósepsson.***Þorv. K. Þorsteinsson.***REGLUGERÐ**

197

um stærð, þunga og málmblöndu innlendarar skiptimyntar.

20. des.

Peningar innlendarar skiptimyntar skulu að stærð, þunga og málmblöndu vera sem hér segir:

	Þvermál Þyngd	
	mm	alls g

- | | | | |
|---------------------------------|------|------|---|
| a. Peningar, sem gildi 2 krónur | 28 | 9.5 | } |
| b. Peningar, sem gildi 1 krónu | 22.5 | 4.75 | |

Málmblanda

}	92 þyngdarhlutar af eiri, 6 þyngdarhlutar af alúmíni og 2 þyngdarhlutar af nikkeli eða 79 þyngdarhlutar af kopar, 20 þyngdarhlutar af zinki og 1 þyngdarhluti af nikkeli
---	--